



## Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

### 4. fundur, haldinn á Teams, þriðjudaginn 24. nóvember 2020, kl. 12:00

**Fundinn sátu:** Kristinn Arason, Hulda Árnadóttir, Þór Ólafsson, Marta Sigurjónsdóttir, Kristín Ívarsdóttir, Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir og Guðbjörg Snorradóttir.

**Boðuð forföll:** Arnar Ólafsson

**Fundargerð ritaði:** Sólveig Jónsdóttir

#### 1. Evrópumót í áhaldafimleikum karla í Tyrklandi – til ákvörðunar

Bréf til stjórnar frá afreksstjóra FSÍ í áhaldafimleikum þar sem farið var yfir verlag í tengslum við ferðalag og dvöl í Tyrklandi út frá sóttvörnum og óskar hún eftir því að stjórn FSÍ samþykki að Valgarð Reinhardsson og Jónas Ingi Þórisson keppi á Evrópumótinu í áhaldafimleikum í Mersin í Tyrklandi dagana 9.-13. desember.

Samþykkt í tölvupósti á milli funda.

#### 2. Drög að tímalínu fræðslukerfis – til upplýsinga

Tímalínan lögð fram og farið yfir að fræðsluteymið hyggist vera með kynningu á vinnunni og fara yfir betur yfir tímalínuna með þeim.

Framkvæmdastjóra falið að finna tíma fyrir fundinn.

#### 3. Drög að regluverki fjármála – til umræðu

Fjármálastjóri lagði fram drög að regluverki fjármála. Markmiðið að vera með handbók um reglubundin verk á skrifstofunni, þetta er fyrsta skrefið í þeirri vinnu.

Umræður.

#### 4. Vinnuhópur um afreksmál á Íslandi – til samþykktar

Afreksstjórar FSÍ í áhaldafimleikum og hóp fimleikum óska eftir samþykki fyrir stofnun vinnuhóps um málefni æfingakerfa og getuskiptingar í fimleikum á Íslandi. Fyrirhugað er að vinnuhópurinn kynni niðurstöður á fimleikabingi næsta vor.

Umræður. Samþykkt.

#### 5. Reglugerðir frá síðasta fundi – til samþykktar

Framkvæmdastjóri lagði fram endurskoðaðar móta- og keppnisreglur FSÍ og starfsreglur FSÍ. Umtalsverð vinna hefur verið unnin í endurskipulagningu á



reglugerðum sambandsins og hefur laganefnd farið yfir og komið með athugasemdir sem hafa verið settar inn í regluverkið.

Umræður. Samþykkt

## 6. Auka l2otto úthlutun – til umræðu

Stjórn íslenskrar getspár hefur samþykkt að greiða aukagreiðslu til eignaraðila sinna vegna góðrar afkomu. Framkvæmdastjórn ÍSÍ ákvað á fundi sínum að greiða upphæðina til sambandsaðila sinna í ljósi þeirra aðstæðna sem skapast hafa vegna Covid – 19

## 7. Starfsreglur stjórnar – til umræðu

Stjórn hefur ákveðið að setja sér starfsreglur sem hún mun kynna fyrir skrifstofu og gera þannig verkferla skýrari og sýnilegri.

Umræður. Samþykkt að fara yfir þau málefni sem lögð hafa verið fyrir stjórn síðasta 1,5 árið og búa þannig til grunn fyrir regluverkið.

## 8. Önnur mál

Framkvæmdastjóra falið að drafta erindisbréf fyrir vinnuhóp um koparleyfi FSÍ.

**Fundi slitið kl. 12:45**

**5. fundur stjórnar verður haldinn á Teams, þriðjudaginn 15. des kl. 17:00**